

64. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 20. apríl 1999, að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Einar Mathiesen og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

- 1. Nýtt stjórnskipulag SASS og tengdra stofnana.**
Bréf frá SASS, dags. 8. febrúar 1999, varðandi nýtt stjórnskipulag SASS og tengdra stofnana, þar sem óskað er eftir tilnefningu í nefnd þar um.
Samþykkt að tilnefna formann og framkvæmdastjóra.
- 2. Fundargerð samráðsfundar Sorpstöðvar Suðurlands, frá 26. janúar.**
Til kynningar.
- 3. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf., frá 30. des. 1998, 10. febr., 10. mars og 31. mars 1999, ásamt tillögu að hluthafasamkomulagi.**
Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi kjötmjölsverksmiðjunnar. Staðsetning í Hveragerði kemur ekki lengur til greina þar sem þar er ekki að hafa nægjanlegan gufuþrýsting. Verið er að kanna staðsetningu í Ölfusi. Einar Mathiesen gerði nánari grein fyrir ástæðum þessara málaloka.
Tillaga að hluthafasamkomulagi, þar sem núverandi hluthafar skuldbinda sig til að kaupa það sem óselt kann að vera af fyrirhuguðu 50 milljóna króna hlutafé í samræmi við hlutföll sín í félaginu, þann 31. desember 1999, samþykkt með fyrirvara um staðfestingu aðalfundar.
- 4. Greinargerð frá Almennu verkfræðistofunni hf., dags. 17. mars. sl. varðandi hreinsun sigvatns.**
Til kynningar.
- 5. Bréf frá Furu ehf., dags. 8. mars sl., varðandi förgun stálryks.**
Erindinu hafnað.

6. Ársreikningur 1998.

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

7. Auðsholtsmál.

Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi hæstaréttarmálsins; Sorpstöð Suðurlands gegn eigendum Auðsholts.
Líkur eru á að dómur falli næsta haust.

8. Aðalfundur 1999.

Samþykkt að halda aðalfund 1999, föstudaginn 28. maí kl. 14:00

9. Fundartími stjórnar.

Samþykkt að halda stjórnarfund 1. þriðjudag í mánuði, kl. 15:00.
Næsti fundur verður því 4. maí nk.

Fundi slitið kl. 16:55

Karl Björnsson.

Einar Mathiesen.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.